

Mál nr. 155/2021

**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á snjóbræðslu**Gögn.**

Málskot, móttækið 23.3.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. október 2020 voru verktakar á vegum A við vinnu við X, sem er í eigu M, við lagfæringar á kantsteini. Við framkvæmdina kom gat á lögn í snjóbræðslu og lak vökví úr kerfinu. Við nánari skoðun kom í ljós að snjóbræðslulögn hafði verið lögð undir kantsteininn, þ.e. á landi í eigu A en án aðkomu og vitundar A.

M telur að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni á snjóbræðslunni. Þannig hafi starfsmenn á vegum A unnið tjón á snjóbræðslunni þegar þeir voru að lagfæra kantsteina við innkeyrslu plans. Um sé að ræða sérhannað hús með þarfir hreyfihamlaðra að leiðarljósi. M telur að starfsmenn A hafi sýnt af sér gáleysi með því að kynna sér ekki betur staðhætti og afla sér upplýsinga um möguleika þess að snjóbræðsla fyrir hreyfihamlaða væri með öðrum hætti. Hefur M krafist bóta fyrir það tjón sem varð á snjóbræðslunni úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirbyggjandi gögnum í málinu er ljóst að snjóbræðslulagnir við fasteign M voru lagðar út fyrir lóðarmörk M og yfir á lóðamörk A án aðkomu A. Slík framkvæmd er leyfissskyld og hvorki var óskað eftir samþykki A né A upplýst um framkvæmdirnar. Af því leiðir einnig að upplýsingar um að snjóbræðslulagnirnar bárust aldrei A og voru því ekki merktar inn á Borgarvefsjá. Þá ber aðilum sem sinna framkvæmdum á vegum A að huga að umhverfi sínu og gera það sem þeir geta til að valda ekki röskun á tjóni annarra. Þannig fá allir aðilar sem vinna verk fyrir hönd A upplýsingar úr Borgarvefsjá þar sem allar lagnir eru merktar, einmitt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tjón eins og þarna varð. Að öllu virtu verður ekki ráðið að tjónið megi rekja til gáleysis aðila á vegum A enda verður þeim ekki um það kennt að M hafi hvorki fengið leyfi fyrir snjóbræðslulögninni út fyrir lóðamörk og inn á land A né tilkynnt eða upplýst A um framkvæmdina. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum vegna tjónsins á snjóbræðslulögninni úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.